

## Efnisorðaráð 11. fundur 29.4.2005

kl. 13.15 –

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Þórdís T. Þórarinsdóttir og Guðný Ragnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fyrirkomulag námskeiðs.

- Fyrirkomulag námskeiðs: Ákveðið var að námskeiðið stæði frá 10 - 16 alla dagana með klukkutíma matarhléi. Þórdís tekur að sér að senda Lois póst á mánudag til að fá nánari upplýsingar um dagskrá námskeiðsins frá hennar hendi. Reiknum með að Lois byrji á fyrirlestri alla morgnana..
- Ákveðið var að sendir yrðu út giróseðlar til allra, líka þeirra sem ekki eru búnir að staðfesta. Þórdís ætlar að senda öllum þeim sem ekki eru búnir að staðfesta þátttöku, tölvupóst.
- Kostnaður og tekjur / praktísk atriði: Farið var yfir tekju- og kostnaðarliði í sambandi við námskeiðið og praktísk atriði varðandi mat og fundi með Lois. Guðný ætlar að athuga hvort hægt sé að fá leiðsögn um Alþingishúsið kl. 15 á 24. maí fyrir Lois og fjölskyldu hennar. Að því loknu myndi efnisorðaráð funda um fyrirkomulag námskeiðsins með Lois Mai í fundaraðstöðu skrifstofu Alþingis í Þórshamri við Templarasund. Þórdís tekur að sér að hafa samband við Hótel Sögu varðandi mat í hádeginu námskeiðsdagana fyrir þátttakendur.

Fundi slitið um kl. 15:45. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 6. maí kl. 13.15.